

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 75/1967. **Landsbanki Íslands** (Stefán Pétursson hrl.)
 gegn
Guðmundi Víglundssyni og Þorsteini N. Halldórssyni (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. apríl s. á. Krefst hann þess, að „héraðsdóminum verði breytt á þá leið, að niður verði felldur sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir hinum tildæmdu kröfum“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Guðmundur Víglundsson krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þorsteinn N. Halldórsson hefur ekki komið fyrir Hæstarétt og engar kröfur gert.

Mál þetta höfðaði stefndi Guðmundur Víglundsson gegn stefnda Þorsteini N. Halldórssyni með héraðsdómsstefnu 27. júní 1966 til greiðslu launa að fjárhæð kr. 17.888.00 fyrir vinnu við v/b Gulltopp, KE 29, um sumarið 1965, en Þorsteinn var þá eigandi og útgerðarmaður bátsins. Þá var Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, stefnt til að þola viðurkenningu á sjóveðrétti í v/b Gulltoppi, KE 29, til tryggingar dómkröfunum, en Þórður var þá talinn eigandi og útgerðarmaður þess skips. Hvorki Þorsteinn né Þórður sóttu þing í héraði, og var málið dæmt þar eftir kröfum Guðmundar.

Áfrýjandi kveður v/b Gulltopp, KE 29, hafa verið seldan á nauðungaruppboði 8. desember 1966 og hafi hann orðið hæstbjóðandi í bátinn. Hafi hann krafizt þess, að báturinn yrði lagður sér út sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Keflavík, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er Þorsteinn N. Halldórsson enn þinglesinn eigandi v/b Gulltopps, KE 29. Af hendi aðilja hefur því verið lýst hér fyrir dómi, að á þeim tíma, er mál þetta var höfðað í héraði, hafi Þórður Þórðarson verið eigandi og útgerðarmaður bátsins.

Hér fyrir dómi krefst áfrýjandi þess eins, að sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, verði niður felldur. Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar Þórð Þórðarson, og breytir þingsókn af hans hendi, að liðnum áfrýjunarfresti og án áfrýjunarleyfis, engu þar um. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Guðmundi Víglundssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefnda Guðmundi Víglundssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 17. september 1966.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 2. þ. m., hefur Vílhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. Guðmundar Víglundssonar vélstjóra, Hafnargötu 53, Keflavík, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 30. júní og 1. sept. 1966, gegn Þorsteini N. Halldórssyni útgerðarmanni, Faxabraut 34 A, Keflavík, og Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum.

Þorsteini Halldórssyni er stefnt til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 17.888.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 31. desember 1965 til greiðsludags og málskostnaðar, en Þórði er stefnt til að þola sjóveðrétt í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera, að stefnandi hafi verið skráður II. vélstjóri á v/b Gulltopp, KE 29, frá 4. júní til 20. desember 1965, eign stefnda Þorsteins, og sé stefnufjárhæðin eftirstöðvar af aflahlut og kaupi stefnanda, sem samtals námu

kr. 64.172.24, og fyrir vinnu við v/b Gulltopp, kr. 17.888.00, eða samtals kr. 82.060.24. Upp í skuld þessa hafi stefndi Þorsteinn greitt sér alls kr. 64.172.24, en eftirstöðvarnar, kr. 17.888.00, sé stefnufjárhæðin í máli þessu. Innborgun stefnda hafi verið upp í alla skuld hans, og telur stefnandi, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar af aflahlut sínum. Þórður Þorsteinsson sé hins vegar núverandi eigandi að v/b Gulltoppi, KE 29, og verði því að þola sjóveðrétt í skipinu fyrir kröfum sínum.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar sem engir þeir gallar eru á málalíbúnaði, er frávísun varða, og framlög gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir þykja hæfilega tildæmdir 9% á ári.

Málskostnaður tildæmist kr. 3.400.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt skipuðum meðdómsmönnum, Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn N. Halldórsson, Faxabraut 34 D, Keflavík, greiði stefnanda, Guðmundi Víglundssyni, Hafnargötu 53, Keflavík, kr. 17.888.00 með 9% ársvöxtum frá 31. des. 1965 til greiðsludags og kr. 3.400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum.